



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011. SRN21090066
<b>Ráðuneyti /verkefnisstjóri</b>	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
<b>Innleiðing EES-gerðar?</b>	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
<b>Dags.</b>	5.11.2021

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, er gert ráð fyrir þremur tilvikum af íbúakosningum. Kosningar um skipan nefndar fyrir hluta sveitarfélags, sbr. 38. gr., kosningar um einstök málefni, sbr. 107. gr. og kosningar um sameiningu sveitarfélaga, sbr. 125. gr. Í ákvæðunum er almennt mælt fyrir um að slíkar kosningar skulu fara eftir meginreglum laga um kosninga til sveitarstjórna, eftir atvikum.

Reynslan við framkvæmd íbúakosninga skv. sveitarstjórnarlögum hefur leitt í ljós að þær reglur sem gilda um slíkar kosningar mættu vera skýrari. Jafnframt hefur reynslan leitt í ljós að þær kröfur sem núgildandi lagaákvæði gera til slíkra kosninga kunna að vera óþarflega miklar og hafa leitt til þess að sveitarfélög nýti ekki þau úrræði sem mælt er fyrir um í sveitarstjórnarlögum til að kanna vilja íbúa og haldi þess í stað sérstakar kannanir.

Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, nr. 21/150, samþykkti Alþingi m.a. að stefna að því að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi. Í samræmi við umrætt markmið er mikilvægt að úrræði sveitarstjórnarlaga sem mæla fyrir um íbúakosningar séu skýr og allri óvissu um framkvæmd þeirri verði eytt. Vinna er því hafin við að útfæra reglur sem eiga að gilda um íbúakosningar á grundvelli framangreindra sjónarmiða.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að skýra og einfalda kröfur sveitarstjórnarlaga til íbúakosninga.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Gildandi lög og reglur duga ekki til að ná fram framangreindum markmiðum.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Stefna hins opinbera í málaflokki sveitarstjórnarmála er rakin í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, nr. 21/150. Stefnan er m.a. að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Þá er það stefna hins opinbera að sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi og að sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmiðið er að skýra og einfalda kröfur sveitarstjórnarlaga varðandi íbúakosningar og að styðja með því ofangreinda stefnu stjórnvalda.

## C. Leiðir

### **1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**

Markmið lagabreytinganna myndi ekki nást fram.

### **2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið**

Framangreindum markmiðum verður ekki náð nema með lagabreytingum.

### **3. Mögulegar leiðir við lagasetningu**

Beinast liggur við að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011. Tvær leiðir er fyrirsjáanlegar við lagasetninguna, annað hvort kemur til greina að veita ráðherra heimild til að setja reglur eða fyrirmynd að reglum um íbúakosningar sveitarfélaga eða að lögfest verði ítarlegri ákvæði um framkvæmd íbúakosninga í sveitarstjórnarlög.

## **D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?**

### **1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni**

Áformað er að breyta sveitarstjórnarlögum á þann veg að mælt verðir fyrir um með skýrari hætti hvaða reglur skulu gilda um íbúakosningar sveitarfélaga.

### **2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott**

Helstu fyrirhugaðar breytingar munu snúa að 38.gr., 107. gr. og 122. gr. sveitarstjórnarlaga auk þess sem bráðabirgðaákvæði V. við lögina, sem fjallar um rafrænar kosningar, mun óhjákvæmilega koma til skoðunar.

Ekki er útilokað að fleiri atriði muni koma til skoðunar við vinnu frumvarpsins, sem mikilvægt er að huga að, svo sem almenn og/eða sérstök heimildarákvæði fyrir sveitarfélög til að vinna með persónuupplýsingar o.fl.

## **E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar**

### **1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Áformin koma ekki inn á svið stjórnarskrár og þjóðarréttarskuldbindinga.

### **2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

### **3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Líklegt er að taka þurfi tillit til nýsettra laga um kosningar og að minnsta kosti vísa til þeirra laga í væntanlegu frumvarpi.

## **F. Samráð**

### **1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Helstu hagsmunaaðilar eru sveitarfélög.

### **2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Frumvarpið kann að varða stjórnarmálefni dómsmálaráðuneytisins.

### **3. Samráð sem þegar hefur farið fram**

Samráð hefur átt sér stað við Samband íslenskra sveitarfélaga.

### **4. Fyrirhugað samráð**

Við undirbúning frumvarpsins verður gætt vel að samráði við hagsmunaaðila.

## **G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er**

### **1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal**

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið muni áhrif á ríkissjóð.

## **H. Næstu skref, innleiðing**

**1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Nei.

**2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Löggjöfin mun taka gildi þegar í stað. Hagsmunaaðilar munu ekki þurfa langan tíma til aðlögunar.

**3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Liggur ekki fyrir.

**4. Mælikvarðar á árangur og útkomu**

Helstu mælikvarðar á árangur og útkomu munu felast í því hvernig gangi að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem frumvarpið mun fela í sér.

**5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Hefur ekki verið útfært enn.

**I. Annað**

**J. Fylgiskjöl**

**1.**